

**Skipulags- og mannvirkjanefnd - 623 (11.1.2024) - Tímabundin notkun á eldissvæði í Seyðisfirði í Súðavíkurbreppi**

**Málsnúmer** : 2024010039  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Niðurstaða (stutt)** : Lagt fram  
**Niðurstaða Inngangur** : Lagt fram til kynningar.  
**Inngangur** : Lögð fram matskyldufyrirspurn frá Skipulagsstofnun úr Skipulagsgáttinni. Matskyldufyrirspurnin varðar tímabundna notkun á tveimur svæðum með mismunandi árgöngum innan sama árgangasvæðis. Um er að ræða Ytra-Kofradýpi, með laxaseiði sem fóru í sjókvíar árið 2023, og Seyðisfjörð, þar sem fyrirhugað er að setja út seiði árið 2024. Hér er um að ræða frávik frá matskýrslu Háafells frá árinu 2020 en þar er gert ráð fyrir að eldissvæðin Seyðisfjörður og Ytra-Kofradýpi séu innan sama árgangasvæðis. Gert er ráð fyrir að frávikði vari frá vori 2024 til vorsins 2026. Frestur til athugasemda er til 5. febrúar 2024.

**Fundardags** : 11.1.2024  
**Skráð dags** : 12.1.2024 08:48:04  
**Höfundur** : Hjördís Þráinsdóttir

**Skjalalisti**

Heiti	Tegund skjals	Höfundur	Móttekið
 Fylgiskjal 1. MiljAundersA, kelser i fire fjorder pAA Island 2002 - Akvaplan Niva..pdf			
 Fylgiskjal 2a. Lokalitetsrapport Seydisfjörður.pdf			
 Fylgiskjal 2b. FortAyningsanalyserapport.pdf			
 Fylgiskjal 2c. Noomas Report-waves-Seydisfjordur BR-1-070416.pdf			
 Fylgiskjal 3. Seyðisfjörður - straumur des22-jan23.pdf			
 Matskyldufyrirspurn - Seyðisfjörður - 5.01.2024.pdf			
 Til umsagnaraðila vegna tilkynningarskyldra framkvæmda (1).pdf			

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 2. febrúar 2024  
Tilv. 2024-01-08-0028/2.4.1

Efni: Varðar áform um tímabundna notkun á eldissvæði í Seyðisfirði

Fiskistofa fékk þann boð þann 8. janúar sl. frá Skipulagsstofnun úr Skipulagsgátt um að veita umsögn vegna matskyldufyrirspurnar um áform um tímabundna notkun Háafells á eldissvæði í Seyðisfirði.

Fiskistofa horfir til þátta sem geta haft áhrif á villta laxfiskastofna, s.s. áhrif vegna smita á sjúkdómum og sníkjudýrum eða mögulegra áhrifa vegna strokulaxa.

Fiskistofa fær ekki séð að kynnt áform muni geta haft áhrif á líkur á því að fiskar strjúki úr eldi og að forsendur vegna mögulegra áhrifa stroks fiska á villta stofna séu þær sömu og í fyrirbyggjandi umhverfismati.

Fram kemur í greinagerð (bls. 11) vegna mögulegra áhrifa vegna laxalúsar: „*Almennt má gera ráð fyrir að laxalúsaliðingur dreifast í meira mæli á milli eldissvæða eftir því sem fjarlægðin á milli þeirra er minni ... Það er því hugsanlegt að rek laxalúsaliða aukist á milli eldissvæða (árgangasvæða) við þessa breytingu og er því gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum.*“. Kynntar eru mótvægisáðgerðir sem gripið verður til ef laxalús verður vandamál: Lúsapils, Hrognkelsi og/eða sambærileg fyrirbyggjandi umhverfisvæn áðgerð (leiser) eða ferskvatnsböðun í kví og aflúsun í brunnbáti.

Fiskistofa telur að nokkur áhætta kunni að vera vegna minni fjarlægðar milli eldissvæða á því að laxalús geti magnast upp, eins og bent er á í matskyldufyrirspurninni. Þær mótvægisáðgerðir sem kynnt er að gripið verði til eru þær leiðir sem þekktar eru og geta komið að gangi við að minnka líkur á því að laxalús magnist upp í eldi. Til álita getur komið að fara fram á umhverfismat vegna þessarar auknu áhættu. En Fiskistofa metur það svo að áhættan sé að mestu leiti bundin við eldið og að ekki séu verulega auknar líkur á neikvæðum áhrifum vegna laxalúsar á villta stofna laxfiska og forsendur séu ekki mikið aðrar en fjallað hefur verið um í fyrirbyggjandi umhverfismati.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Mál nr. 0016/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0016/2024, Tímabundin notkun á eldissvæði í Seyðisfirði (Tilkynning um framkvæmd)

**Athugasemd:**

Súðavíkurreppur gerir ekki athugasemd.

**Höfundur:** Bragi Þór Thoroddsen/bragi@sudavik.is

**Sent inn þann:** 05.02.2024, **Fyrir hönd:** Súðavíkurreppur

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Ágústssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2024  
UST202401-084/H.S.J.  
10.05.00

## Efni: Matsskyldufyrirspurn - Tímabundin notkun á eldissvæði í Seyðisfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8 janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdarlýsing

Samkvæmt greinargerð snýr fyrirspurn Háafells ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) um matsskyldu að tímabundinni notkun eldissvæða með mismunandi árgöngum innan sama sjókvíaeldissvæðis (árgangasvæðis). En fram kemur að um sé að ræða frávik frá matsskýrslu framkvæmdar frá 2020, þar sem gert var ráð fyrir því að svæðin væru innan sama sjókvíaeldissvæðis. Samkvæmt greinargerð hefur framkvæmdaraðili eingöngu heimild til eldis á frjóum laxi á tveimur sjókvíaeldissvæðum og fóru laxaseiði í sjó í Ytra-Kofradýpi á árinu 2023 en verið sé að slátra upp úr Skötufirði og fyrirséð sé að ekki náist nægjanleg hvíld fyrir eldissvæðið fyrir nýjan árgang þar um vorið 2024. Samkvæmt framkvæmdaraðila er eldi á ófrjóum laxi enn óraunhæfur valkostur og áhættumat erfðablöndunar (með mögulegum breytingum þeirri línu sem takmarkar eldi frjórna laxa) hafi ekki enn verið gefið út. Stefnir framkvæmdaraðili því á að nota eldissvæðið Seyðisfjörð fyrir árgang 2024 á meðan unnið sé að endurskipulagningu eldis Háafells í Ísafjarðardjúpi og frávikið frá matsskýrslu muni vara frá vori 2024 til vors 2026.

Umhverfisstofnun bendir á að um starfsleyfisskylda framkvæmd er að ræða, sbr. lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018, og að breyta geti þurft starfsleyfi framkvæmdaraðila, þar sem sjókvíaeldissvæði eru skilgreind í leyfinu. Framkvæmdaraðili hefur starfsleyfi til sjókvíaeldis laxfiska í Ísafjarðardjúpi, allt að 6800 tonn á hverjum tíma. Samkvæmt leyfinu er eldi frjórna laxa heimilt á tveimur sjókvíaeldissvæðum af fjórum, A og D. Innan sjókvíaeldissvæðis A eru fjögur eldissvæði, í og utan við Álftafjörð og Seyðisfjörð, þar með talið svæðin Ytra-Kofradýpi og Seyðisfjörður. Innan sjókvíaeldissvæðis D er einungis eitt eldissvæði, Skötufjörður, við mynni Skötufjarðar við Vigur. Samkvæmt starfsleyfi skal hvíla eldissvæði milli eldislota í 90 daga frá lokum slátrunar hið minnsta.

### Næringarefnaálag

Fyrirhugað er að setja í Seyðisfjörð 250 þúsund seiði í maí 2024, 300 þúsund seiði til viðbótar í september sama ár og fiskurinn alinn fram til sumars 2026. Gert er ráð fyrir að um 1.870 tonn verði í kvíum þegar slátrun hæfist í nóvember 2025 en í heild er áætlað að slátra um 2.800 tonnum af laxi. Áætluð fóðurnotkun fyrir kynslóðina er í greinargerð sögð

um 3.140 tonn í heild og frá eldinu kæmu því á uppleystu og föstu formi samtals 114 tonn köfnunarefni og 19 tonn fosfór. Áætlað er að slátrun í Skötufirði ljúki sumarið 2024 og milljón seiði verði sett út þar 2025, en slátrun í Ytra-Kofradýpi ljúki í lok sumars 2025 og sett verði allt að 1,6 milljón seiði í sjó þar árið 2026.

Fram kemur að hámarkslífmassi og fóðurnotkun innan sjókvíaeldissvæðis verði óbreytt frá því sem lýst var í umhverfismatskýrslu árið 2020 og hámarks ákoma köfnunarefnis og fosfórs á sjókvíaeldissvæði A sé innan þeirra marka sem áætlanir gerðu ráð fyrir í umhverfismati framkvæmdar. Framkvæmdaraðili tiltekur einnig í greinagerð að ákoma dreifist með breytingunni á stærra svæði og því sé breytingin jákvæð hvað umhverfisáhrif af lífrænu álagi varði.

Stofnunin tekur undir að gott geti verið að dreifa lífrænu álagi til að viðhalda góðu ástandi við eldissvæðin, en bendir þó á að ganga þarf úr skugga um að eldissvæði sjókvíaeldissvæðis A fái nægjanlega hvíld ef sjókvíaeldissvæðið verður ekki hvílt í heild sinni fyrr en eftir slátrun kynslóðar sem sett verður út í Ytra-Kofradýpi árið 2026, þar sem stutt er á milli eldissvæða.

## Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027<sup>1</sup>. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Löggin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn.

Eldissvæðin Seyðisfjörður og Skötufjörður eru innan strandsjávarvatnshlota sem hefur vatnshlotanúmerið 101-1390-C og nefnist Ísafjarðardjúp, en sjókvíaeldissvæði A nær einnig inn á vatnshlot 101-1380-C, Álftafjörður við Djúp. Fram kemur í greinagerð framkvæmdaraðila að Ísafjarðardjúp, að Skutulsfirði undanskildum, sé metið án álags og vísað er í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar frá árinu 2019. Stofnunin bendir á að skráð hefur verið álag á bæði Ísafjarðardjúp og Álftafjörður við Djúp síðan þá, m.a. vegna eldis Háafells, sjá nánar í Vatnavefsjá<sup>2</sup>. **Umhverfismarkmið strandsjávarvatnshlotsins Ísafjarðardjúp er að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og hefur ástand vatnshlotsins ekki verið metið.** Umhverfismarkmið strandsjávarvatnshlotsins Álftafjörður við Djúp er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og hefur ástand þess verið metið mjög gott út frá líkindum, en þörf er á gögnum til að staðfesta ástandsflökkun. Gæðabættir sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávarhlota eru nítrat, fosfat, blaðgræna a, hryggleysingar á mjúkum botni og þörungar á hörðum botni (sjá skýrslu Hafrannsóknarstofnunar Vistfræðileg viðmið við ástandsflökkun strandsjávar<sup>3</sup>). Vöktun þarf að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, vakta þarf gæðabætti í strandsjávarhlotinu og skila gögnum til Umhverfisstofnunar.

<sup>1</sup> [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

<sup>2</sup> [Vatnavefsjá](#)

<sup>3</sup> Rakel Guðmundsdóttir ofl. 2022. [Vistfræðileg viðmið við ástandsflökkun strandsjávar](#). Hafrannsóknastofnun, HV 2022-39.

Umhverfisstofnun bendir á leyfisveitandi skal tryggja að leyfi séu **í samræmi** við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar. Ef breyta þarf leyfum þarf framkvæmdaraðili að meta þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á öll vatnshlot innan svæðisins samkvæmt þeim gæðabáttum og viðmiðunarmörkum sem eru sett fram í vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027 áður en leyfum væri breytt. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotanna þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist skv. lögum um stjórn vatnamála. Má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is) þar sem hægt er að allar upplýsingar um stjórn vatnamála.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats muni í þessu tilfalli ekki varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið. Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Hulda Soffía Jónasdóttir

**sérfræðingur**

Steinar Rafn Beck Baldursson

**sérfræðingur**

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
150 Reykjavík

Selfoss, 5. febrúar 2024  
Tilvísun: 2401256

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um tilkynningu Háafells um tímabundna notkun á eldissvæði í Seyðisfirði, Ísafjarðardjúpi

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 8. janúar 2024, vegna tímabundinnar notkunar á eldissvæði Háafells í Seyðisfirði, Ísafjarðardjúpi. Háafell er með rekstrarleyfi í Ísafjarðardjúpi FE-1171 sem heimilar 6.800 tonna hámarkslífmassa á frjóum og ófrjóum laxi og regnbogasilungi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020. Stofnunin hefur einnig eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum og reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

Varðandi tímabundna notkun á eldissvæði Háafells í Seyðisfirði telur Matvælastofnun mikilvægt að minnsta fjarlægð milli mismunandi kynslóða sé eigi styttri en 5 km við útmörk kvíastæða. Stofnunin vill jafnframt koma því á framfæri að breyta geti þurft rekstrarleyfi rekstraraðila þar sem sjókvíaeldissvæði eru skilgreind í núverandi rekstrarleyfi og er tilkynnt framkvæmd ekki í samræmi við það.

Verði ofangreindu gerð skil telur stofnunin ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*

Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 05.02.2024  
MFRI: 2024-01-0007

### **Efni: Tímabundin notkun á eldissvæði í Seyðisfirði, Ísafjarðardjúpi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 8. janúar 2024. Háafell ehf. hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Um er að ræða fyrirspurn um matsskyldu vegna tímabundinnar notkunar eldissvæðis í Seyðisfirði sem tilheyrir sama sjókvíaeldissvæði/árgangasvæði og Ytra-Kofradýpi. Háafell hefur leyfi til sjókvíaeldis á báðum svæðunum innan árgangasvæðisins. Til stendur að hafa tvo mismunandi árganga eldislaxa á þessu sama árgangasvæði en leyfi gera ráð fyrir einum árgangi á einu árgangasvæði. Annað svæðið er Ytra-Kofradýpi með laxaseiði sem fóru í sjókvíar árið 2023 og hitt er Seyðisfjörður en þar stendur til að setja út seiði á árinu 2024. Eins og staðan er í dag hefur Háafell leyfi fyrir eldi á frjóum laxi á tveimur árgangasvæðum og telur fyrirtækið að ekki náist að hvíla eldissvæðið (hitt árgangasvæðið) við Skötufjörð fyrir nýjan árgang 2024. Því stefnir Háafell á að hafa þrjú árganga á tveimur árgangasvæðum á tímabilinu 2024 til 2026. Til stendur að setja fjórar eldiskvíar í Seyðisfjörð og ala að hámarki 1.870 tonn af laxi á tímabili sem spannar 25-27 mánuði.

Framkvæmdin er frávik frá matsskýrslu sem er gerð var fyrir eldi Háafells í Ísafjarðardjúpi.

Í framkvæmdarlýsingu þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir segir að tryggt verði að fjarlægð milli eldissvæða verði yfir 5 km mörkunum sem sett eru í reglugerð um fiskeldi vegna starfssemi ótengdra aðila. Einnig að notast verði við lúsarpils, hrognkelsi, dælingu á ferskvatni í efsta lag



sjávar innan kvía meðan þær eru með lúsarpils og að umhverfisvænar aflúsunarmeðhöndlanir verði framkvæmdar ef lúsavandamál koma upp.

Hafrannsóknastofnun bendir á að fleiri vandamál en lús, geta komið upp eins og smit á vírusum (t.d. blóðþorri) og því mikilvægt að hafa fjarlægðir milli eldissvæða eins miklar og hægt er.

Bent er á að takmarkaðar tímaraddir mælinga á súrefni (mettun og styrkur) eru til staðar fyrir Seyðisfjörð. Því er æskilegt að framkvæmdaraðili sé meðvitaður um að fylgjast með súrefnisástandi við botn áhrifasvæðis þar sem lífrænt álag getur valdið súrefnisskortum þar. Hafrannsóknastofnun getur ekki sagt til um hvernig endurnýjun sjávar í botnlagi Seyðisfjarðar er vegna skorts á gögnum þar um.

Hafrannsóknastofnun telur að ágætlega sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem tengjast starfssviði stofnunarinnar. Þó vill stofnunin koma á framfæri að mikilvægt er að vakta vel lífrænt álag á nýju eldissvæði og fylgjast sérstaklega með sjúkdómsvöldum og sníkjudýrum. Að mati stofnunarinnar er ekki talið að nýtt umhverfismat bæti ekki miklu við þá þekkingu sem hið eldra mat gerði m.t.t. starfssviðs stofnunarinnar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0051  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu tímabundinnar notkunar á eldissvæði í Seyðisfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 8. janúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Háafells á tímabundinni notkun á eldissvæði í Seyðisfirði til að lengja hvíldartíma á eldissvæði í Skötufirði sé matsskyld.

Umhverfismati fyrir framleiðslu Háafells á 6.800 tonnum á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi lauk árið 2020. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um frummatsskýrslu þann 17. janúar 2017. Þar koma fram ýmsar almennar ábendingar varðandi umhverfisáhrif sjókvíaeldis sem enn eiga við einkum um þá áhættu sem felst í mögulegri erfðablöndun framandi eldisstofns við villtra stofna. Í ljósi nýlegra alvarlegra sleppingaátburða í Patreksfirði er áhættumat erfðablöndunar í endurskoðun hjá Hafrannsóknarstofnun og ljóst að ábendingar um varúðarsjónarmið þessu tengt eiga fullan rétt á sér. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um frummatsskýrsluna var einnig ábending um nágrenni sjókvía Háafells við selalátur og önnur búsvæði landssels og að taka þurfi tillit til mögulegra áhrifa af rekstri sjókvíaeldis á seli.

Matsskyldufyrirspurnin felur ekki í sér aukningu á framleiðslu Háafells í Ísafjarðardjúpi heldur tímabundna notkun á eldissvæði í Seyðisfirði sem ekki hefur verið tekið til notkunar enn meðan hvíldartími eldissvæðisins í Skötufirði er lengdur. Með breytingunni bætist við nýtt sjókvíastæði og verða þá þrjú í notkun á tveimur árgangasvæðum, þar af tveir árgangar innan eins árgangasvæðis.

Fram kemur að hámarkslífmassi og fôðurnotkun verði innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir í umhverfismatinu og því ekki um breytingu að ræða varðandi næringarefnaálag á eldissvæðinu. Tekið er undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 5. febrúar 2024 er varða mikilvægi þess að samræma vöktun við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og að almennt eigi að dreifa lífrænu álagi eins og mögulegt er. Þá er tekið undir ábendingu í umsögn Hafrannsóknarstofnunar (einnig frá 5.2.2024) um að taka þurfi tillit til þess að upplýsingar um súrefnismettun og -styrk í Seyðisfirði eru takmarkaðar og vakta þarf súrefnisástand við botn áhrifasvæðis vandlega.

Með því að hafa tvo árganga innan sama árgangasvæðis á sama tíma eykst hættu á mögulegu smiti m.a. á laxalús. Gert er grein fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þær. Tekið er undir ábendingu Hafrannsóknarstofnunar um að einnig þurfi að tryggja nægjanlegar fjarlægðir milli eldissvæða til að forðast veirusmit eins og blóðþorra. Áætlaðar fjarlægðir eru yfir lágmarksmörkum (5 km) en einungis rétt svo þar sem fjarlægðin er minnst. Mikilvægt er því að vöktun á mögulegu smiti sé markviss.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með öðrum lögbundnum umsagnar- og eftirlitsaðilum (Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun, Fiskistofu og Matvælastofnun) að þessi breyting á



fyrirkomulagi eldis Háafells í Ísafjarðardjúpi feli ekki í sér það miklar forsendubreytingar frá því sem til umfjöllunar var í umhverfismati frá 2020 að þörf sé á nýju mati. Þó má benda á þá breytingu að styttri vegalengd verður milli kvía sem eykur á kröfur um betri vöktun á smithættu á laxalús og smitsjúkdómum. Þá mun fjölgun sjókvíastæða á svæðinu í rekstri auka möguleg truflandi áhrif á dýralíf s.s. hvali, seli og sjófugla sem og sjónræn ásýndaráhrif.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

